

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.  
Samstæðuárshlutareikningur

30. júní 2022

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.  
Kt. 690500-2130  
Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík

## Skýrsla og áritun stjórnar og slökkviliðsstjóra

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. var stofnað á árinu 2000. Það tók við rekstri slökkviliðanna á höfuðborgarsvæðinu frá 1. júní 2000. Í samþykktum byggðasamlagsins segir að tilgangur þess sé að vinna að forvörnum og veita fyrstu viðbrögð til að vernda líf, heilsu fólks, eignir og sinna öðrum lögbundnum verkefnum.

Eigendur byggðasamlagsins eru sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík (60,8%), Kópavogur (14,4%), Hafnarfjörður (12,2%), Garðabær (6,2%), Mosfellsbær (4,0%) og Seltjarnarnes (2,4%).

Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðusreikning Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. og SHS fasteigna ehf.

Afkoma Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. á fyrstu sex mánuðum ársins var neikvæð um 36 m.kr. samkvæmt rekstrarreikningi og eigið fé í lok tímabilsins nam 2.368 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Árshlutareikningur 30. júní 2022 er kannaður en ekki endurskoðaðir af endurskoðendum félagsins.

Stjórn og slökkviliðsstjóri Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. staðfesta hér með árshlutareikning byggðasamlagsins 30. júní 2022 með áritun sinni.

Reykjavík, 12. ágúst 2022

*Undirritun er rafræn og er að finna á öftustu síðu*

Stjórn:

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Hafnarfjarðarbæjar

F.h. Kópavogsbæjar

F.h. Mosfellsbæjar

F.h. Garðabæjar

F.h. Seltjarnarnesbæjar

Slökkviliðsstjóri

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og stofnfjáreigenda í Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins bs.

Við höfum kannað meðfylgjandi árs hlutareikning samstæðu Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2022, sem hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórn og slökkviliðsstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu árs hlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árs hlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um könnun óháðs endurskoðanda á árs hlutareikningum. Könnun árs hlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun er talsvert umfangsminni en endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árs hlutareikningnum.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árs hlutareikningur samstæðunnar gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á tímabilinu, fjárhagsstöðu hennar 30. júní 2022 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 12. ágúst 2022

**Grant Thornton endurskoðun ehf.**

*Undirritun er rafræn og er að finna á öftustu síðu*

J. Sturla Jónsson

löggiltur endurskoðandi

## Rekstrarreikningur janúar til júní 2022

	Skýr.	2022 Jan-júní	2021 jan-júní	2022 Áætlun
<b>Rekstrartekjur</b>				
Rekstrartekjur .....	2	2.131.710	2.049.835	4.153.382
<b>Rekstrargjöld</b>				
Laun og launatengd gjöld .....	3	1.830.948	1.479.244	3.452.315
Annar rekstrarkostnaður .....		264.202	258.737	596.766
		2.095.149	1.737.981	4.049.082
<b>Afkoma fyrir afskriftir</b>		36.561	311.854	104.300
Afskriftir .....	5	63.395	60.853	134.000
<b>Afkoma</b>		(26.835)	251.001	(29.700)
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>				
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	4	(9.260)	(8.161)	(14.000)
<b>Afkoma tímabilsins</b>		(36.094)	242.840	(43.700)

## Efnahagsreikningur 30. júní 2022

### Eignir

	Skýr.	30.6.2022	31.12.2021
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	5		
Fasteignir .....		1.644.363	1.644.884
Bifreiðar .....		316.583	321.252
Áhöld og tæki .....		127.342	134.876
Hugbúnaður .....		11.338	12.467
		<u>2.099.626</u>	<u>2.113.480</u>
<b>Aðrar langtímaeignir</b>			
Fyrirframgreidd framlög til Brúar lífeyrissjóðs	12	135.812	138.827
<b>Fastafjármunir samtals</b>		2.235.438	2.252.307
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....	7	136.752	120.864
Aðrar skammtímakröfur .....	7	24.968	12.371
Handbært fé .....	8	783.627	757.377
		<u>945.347</u>	<u>890.612</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>3.180.785</u>	<u>3.142.918</u>

## Efnahagsreikningur 30. júní 2022

<b>Eigið fé og skuldir</b>	<b>Skýr.</b>	<b>30.6.2022</b>	<b>31.12.2021</b>
<b>Eigið fé</b>	9		
Stofnfé .....		1.632.967	1.632.967
Ójafnað eigið fé .....		735.212	771.307
		<u>2.368.179</u>	<u>2.404.274</u>
<b>Skuldir</b>			
Langtímaskuldir:			
Skuldabréfalán .....	10	201.803	199.837
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir .....		48.329	57.476
Aðrar skammtímaskuldir .....	11	547.146	467.685
Næsta árs afborgun af langtímaskuldum .....	10	15.328	13.646
		<u>610.803</u>	<u>538.807</u>
<b>Skuldir samtals</b>		812.606	738.644
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>3.180.785</u>	<u>3.142.918</u>

## Sjóðstreymisyfirlit janúar til júní 2022

Rekstrarhreyfingar	Skýr.	2022 Jan-júní	2021 Jan-júní
Afkoma ársins .....		(36.094)	242.840
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	5	63.395	60.853
Gengismunur og verðbætur lána .....		10.815	5.253
		<u>38.116</u>	<u>308.946</u>
(Hækkun) lækkun rekstrartengdra eigna:			
Kröfur .....		(25.470)	(49.653)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		70.313	82.555
		<u>44.843</u>	<u>32.902</u>
<b>Handbært fé (til rekstrar) frá rekstri</b>		<u>82.958</u>	<u>341.848</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>	5		
Sala eigna .....		3.601	0
Fjárfestingar .....		(53.142)	(18.412)
		<u>(49.541)</u>	<u>(18.412)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Afborganir langtímalána .....		(7.167)	(6.540)
		<u>(7.167)</u>	<u>(6.540)</u>
<b>(Lækkun) hækkun á handbæru fé</b>		26.250	316.896
<b>Handbært fé í byrjun ársins .....</b>		<u>757.377</u>	<u>233.094</u>
<b>Handbært fé 30.06 2022 .....</b>		<u><u>783.627</u></u>	<u><u>549.990</u></u>

# Skýringar

## 1. Reikningsskilaaðferðir

### a. Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. hefur að geyma samstæðureikning byggðasamlagsins og dótturfélaga. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Árshlutareikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Dótturfélög eru þau félög þar sem félagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar félagið hefur völd, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags. Árshlutareikningar dótturfélaga eru innifaldir í samstæðureikningi byggðasamlagsins frá því yfirráð nást og þar til þeim lýkur.

Viðskipti milli samstæðufélaga, viðskiptastöður og óinnleystur hagnaður sem myndast hefur af viðskiptum milli félaganna er felldur út í samstæðureikningnum.

### b. Innlausn tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af tekjum frá eignaraðilum, sölu á þjónustu, ýmsum sértekjum og húsaleigutekjum.

### c. Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi 30. júní 2022. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags. Áfallinn gengismunur, vextir og verðbætur á höfuðstóligna og skulda eru færðar í rekstrarreikninginn.

### d. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhalds- og notkunartíma.

Fasteignir .....	50 ár
Bifreiðar .....	10 ár
Áhöld og tæki .....	5 - 10 ár
Hugbúnaður .....	5 ár

### e. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign samstæðunnar, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

### f. Uppgjör við Brú lífeyrissjóð

Á árinu 2017 greiddi Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins samtals 232 m.kr. í viðbótar framlag til Brú lífeyrissjóð. Uppgjörið var tilkomið vegna breytinga á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Framlag í jafnvæggissjóð 60 m.kr. var gjaldfært 2017 en eftirstöðvar eru gjaldfærðar, annarsvegar 156 m.kr. á 30 árum og 16 m.kr. á 20. árum.

### f. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.



## Skýringar frh.

	Jan-jún 2022	Jan-jún 2021
<b>2. Rekstrartekjur</b>		
Framlag til rekstrar .....	1.097.787	990.800
Framlag í fjárfestingarsjóð .....	34.393	61.550
Framlag vegna almannavarna .....	10.547	10.050
Ríkissjóður vegna sjúkraflutninga .....	833.509	751.826
Aðrar sértekjur .....	96.787	180.222
Húsaleigutekjur .....	58.686	55.387
	<u>2.131.710</u>	<u>2.049.835</u>
<b>3. Laun og launatengd gjöld</b>		
Laun .....	1.401.248	1.123.196
Launatengd gjöld og kostnaður .....	381.416	287.587
Áfallinn launakostnaður, breyting ársins .....	48.284	68.461
	<u>1.830.948</u>	<u>1.479.244</u>
<b>4. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>		
Vaxtatekjur og verðbætur .....	5.806	652
Vaxtagjöld og verðbætur .....	(15.066)	(8.814)
	<u>(9.260)</u>	<u>(8.161)</u>

## 5. Varanlegir rekstrarfjármunir

Samstæða	Fasteignir og lóðir	Bifreiðar	Innréttingar, áhöld og tæki	Hugbúnaður	Samtals
Heildarverð 1.1. ....	2.221.828	721.416	772.669	47.909	3.763.821
Keypt á tímabilinu .....	21.762	19.558	9.829	1.993	53.142
Selt á tímabilinu .....	0	(36.009)	0	0	(36.009)
Heildarverð 30.06 .....	<u>2.243.590</u>	<u>704.964</u>	<u>782.498</u>	<u>49.902</u>	<u>3.780.954</u>
Afskrifað 1.1. ....	576.944	400.163	637.793	35.441	1.650.341
Afskrift tímabilsins .....	22.283	20.627	17.363	3.122	63.395
Fært út vegna sölu .....	0	(32.408)	0	0	(32.408)
Afskrifað samtals 30.06 .....	<u>599.227</u>	<u>388.382</u>	<u>655.156</u>	<u>38.563</u>	<u>1.681.328</u>
Bókfært verð 30.06 .....	<u>1.644.363</u>	<u>316.583</u>	<u>127.342</u>	<u>11.338</u>	<u>2.099.626</u>

Fasteignir samstæðunnar 30. júní 2022 voru eftirtaldar:

	Fasteignamat, hús	Fasteignamat, leigulóð	Brunabótamat	Bókfært verð
Skógarhlíð 14 .....	1.577.150	254.100	2.494.050	781.280
Tunguháls 13 .....	194.850	44.350	287.550	96.417
Skútahraun 6 .....	295.820	74.200	561.900	203.608
Skarhólabraut 1 .....	321.200	73.350	614.350	569.171
	<u>2.389.020</u>	<u>446.000</u>	<u>3.957.850</u>	<u>1.650.476</u>

Heildarváttryggingarverðmæti allra fasteigna samstæðunnar eru um 3,9 milljarðar króna.

## 6. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutur SHS í dótturfélagi er færður samkvæmt hlutdeildaraðferð.

	Hlutdeild	Nafnverð	Bókfært verð
SHS fasteignir ehf., Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík .....	100%	469.300	641.752

Bókfært verð eignarhlutarins greinist þannig:

Bókfærð staða eignarhluta í ársbyrjun .....			600.568
Hlutdeild í afkomu .....			41.184
Bókfærð staða 30.06.2022 .....			<u>641.752</u>

Þann 30. júní 2022 nam skuld SHS fasteigna ehf. við SHS bs. um 63,8 m.kr. Skuldin er tilkomin vegna lánveitingar frá móðurfélaginu í tengslum við uppgreiðslu óhagstæðra gengistryggðra lána.

## 7. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:	30.6.2022	31.12.2021
Viðskiptakröfur .....	136.752	122.364
Aðrar körfur .....	26.468	12.371
Niðurfærsla viðskiptakrafna .....	(1.500)	(1.500)
	<u>161.720</u>	<u>133.235</u>

## 8. Handbært fé

Handbært fé samstæðunnar greinist þannig:

Óbundnar bankainnstæður og sjóður .....	<u>783.627</u>
---	----------------

## 9. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Stofnfé	Ójafnað eigið fé	Samtals
Staða í ársbyrjun 2022 .....	1.632.967	771.307	2.404.274
Afkoma tímabilsins .....		(36.094)	(36.094)
Staða 30.06.2022 .....	<u>1.632.967</u>	<u>735.212</u>	<u>2.368.179</u>

## 10. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir samstæðunnar greinast þannig:	30.6.2022	31.12.2021
Skuldir í íslenskum krónum:		
Lánasjóður sveitarfélaga, verðtryggt með föstum vöxtum 3,19% .....	<u>217.131</u>	<u>216.695</u>
Langtímaskuldir samtals .....	<u>217.131</u>	<u>216.695</u>

Fyrrgreind vaxtahlutföll eru vagnir meðalvextir viðkomandi lánaflokka í samræmi við vaxtakjör lána í árslok.

Afborganir af langtímaskuldum samstæðunnar 30. júní 2022 greinast þannig á næstu ár:

Tímabilið 01.07.2022- 30.06.2023 .....	15.328
Tímabilið 01.07.2023- 30.06.2024 .....	15.821
Tímabilið 01.07.2024- 30.06.2025 .....	16.073
Tímabilið 01.07.2025- 30.06.2026 .....	16.589

Síðar .....	153.319
	<u>217.131</u>

## 11. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir samstæðunnar sundurliðast þannig:	30.6.2022	31.12.2021
Ógreidd laun og launatengd gjöld .....	121.814	57.753
Áfallið orlof og aðrar skuldbindingar .....	337.316	236.761
Staðgreiðsla skatta o.fl. ....	86.363	58.047
Aðrar skammtímaskuldir .....	0	70.697
Aðrar skammtímaskuldir dótturfélaga .....	1.653	1.650
	<u>547.146</u>	<u>424.907</u>

## 12. Ábyrgðir

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. ber ábyrgð á lántökum dótturfélagsins SHS fasteigna ehf. sem námu 217,1 m.kr. í lok tímabilsins.

# Undirritunarsíða

f.h. Reykjavíkurborgar  
Dagur B Eggertsson

f.h. Hafnarfjarðarbæjar  
Rósa Guðbjartsdóttir

f.h. Kópavogsbæjar  
Ásdís Kristjánsdóttir

f.h. Garðabæjar  
Almar Guðmundsson

f.h. Seltjarnarnesbæjar  
Þór Sigurgeirsson

f.h. Mosfellsbæjar  
Arnar Jónsson

lögiltur endurskoðandi  
Jón Sturla Jónsson

e.u. slökkviliðsstjóra  
Birgir Finnsson